

Hvernig byrja ég að birtast á Noona?

Síðast uppfært 28/07/2026 1:52 pm BST

Að birtast á Noona er frábær leið til þess að spara bæði þér og viðskiptavinum þínum tíma sem og að auka sýnileika þinn enn frekar. Í þessari hjálpargrein förum við yfir helstu skrefin til þess að þú getir byrjað að birtast á Noona.

Það eru þrjár leiðir til þess að birta Noona prófíllinn þinn.

- Á þinni eigin vefsíðu
- Í Noona appinu
- Á vefnum noona.is

Áður en þú byrjar að setja upp netbeiðnir er best að klára eftirfarandi:

- Setja upp allar þjónustur - [hér er hjálpargrein](#) sem fer yfir það.
- Setja upp alla starfsmenn - [hér er hjálpargrein](#) sem fer yfir það.
- Setja upp vinnutíma í dagatalið - [hér er hjálpargrein](#) sem fer yfir það.

Netbeiðnir

Þú stillir allt sem viðkemur netbókunum undir **netbeiðnir**.

1. Þú byrjar á því að fara undir **valmyndina** sem þú finnur uppi í vinstra horninu.
2. Næst ferður undir **netbeiðnir** og smellir á **setja upp**.
3. Að lokum smellirðu á **setja upp netbeiðnir** og ferð í gegnum skrefin hér að neðan.

Prófíll fyrirtækis


Þú byrjar á því að velja **Netbeiðnir** og fylgja skrefunum þar. Fyrsta skrefið er **prófíll fyrirtækis**. Þar er hægt að stilla útlitið á þínu fyrirtæki á Noona, t.d. er sniðugt að setja inn prófílmmynd, flotta lýsingu og myndir af rýminu sem forsíðumyndir.

Hér eru einnig nokkur praktísk atriði stillt eins og **staðsetning** og **símanúmer** fyrirtækisins.

Hérna eru upplýsingar varðandi hvernig **forsíðumyndirnar** koma út á prófílnum:

Noona Cover Photo Guides

1 photo




2 photos



3 photos




4 photos



5 or more photos



Noona Cover Photo Guides



Optimal sizes

Only 1 cover photo
1920x1080px (16:9)

2 or more
1024x768 (4:3)



Hafðu mikilvægan texta og myndefni innan öryggissvæðinsins (1920 x 652 px) til að tryggja að það birtist rétt á mismunandi skjástærðum.



Fyrir **eina** forsíðumynd notaðu **1920 x 1080 px** (16:9 aspect ratio).
Fyrir **tvær** eða fleiri myndir notaðu **1024 x 768 px** (4:3 aspect ratio).

Undir "**Tegund**" er hægt að stjórna því í hvaða flokkum þú ert að birtast á noona.is og í Noona appinu (þú getur einnig smellt [hér](#) til þess að læra meira um flokkana).

Undir prófil fyrirtækisins getur þú einnig stillt hvernig opnunartímarnir þínir birtast á Noona.

ATH: Þetta breytir því ekki hvenær viðskiptavinir geta bókað, það er stillt með frítímum og vinnutíma.

Opnunartímar

Sést á prófil fyrirtækisins en hefur ekki áhrif á hvenær hægt er að bóka.

Mánudagur

08:00

til

16:00

Nota fyrir alla daga

Þriðjudagur

08:00

til

16:00

Miðvikudagur

08:00

til

16:00

Fimmtudagur

08:00

til

16:00

Föstudagur

08:00

til

16:00

Laugardagur

Lokað

Sunnudagur

Lokað

Vista og áfram

Smellir síðan á vista og áfram og ferð í næsta skref...

Bókunarstillingar og öryggi

1. Upplýsingar viðskiptavina sem bóka á netinu

Hvaða upplýsingum viltu safna frá viðskiptavinum sem bóka á netinu? Nafn og símanúmer er alltaf nauðsynlegt en þú getur einnig krafist þess að fá netfang, kennitölu og bílnúmer ef við á. Við mælum með að bæta við netfanginu þar sem þá fær viðskiptavinurinn staðfestingar tölvupóst þegar hann klárar bókunina sína.

Upplýsingar viðskiptavina sem bóka á netinu

Hvaða upplýsingum viltu safna frá viðskiptavinum sem bóka á netinu? Ef þú slekkur á reitum þá er auðveldara að bóka hjá þér, en þú getur safnað upplýsingunum þegar viðskiptavinurinn er kominn til þín.

Nafn (nauðsynlegt)

Símanúmer (nauðsynlegt)

Netfang

Kennitala

Bílnúmer

2. Fyrirvarar

Hversu langan fyrirvara þarftu fyrir bókanir, afbókanir og tilfærslu á bókunum? Þetta er eitthvað sem þú stillir undir "Fyrirvarar" en getur breytt hvenær sem er :)

Fyrirvarar

Hversu langan fyrirvara þarftu fyrir bókanir, afbókanir og tilfærslu á bókunum?

Nýjar bókanir

Hámarks fyrirvari60 dagar

Síðasti séns á að bóka3 klukkustundir

Afbókanir

Þjóða upp á afbókanir á netinu

Síðasti séns á að afbóka3 klukkustundir

Færa bókanir

Þjóða upp á að færa bókanir á netinu

Síðasti séns á að færa bókanir3 klukkustundir

3. Varúðarráðstafanir

Að lokum eru nokkrar auka stillingar sem hægt er að nýta sér:

- **Margar þjónustur í hverri tímabókun:**

Þá getur viðskiptavinurinn t.d. valið að bóka herraklippingu og barnaklippingu í einni bókun.
- **Fá tölvupóst um bókanir:**

Þá fær netfangið sem fyrirtækið er skráð með tölvupóst í hvert skipti sem bókun er gerð, færð eða afbókuð.
- **Sleppa auðkenningu í gegnum síma:**

Þá þurfa viðskiptavinir ekki að slá inn staðfestingarkóða til þess að staðfesta að rétt símanúmer hafi verið skráð.
- **Samþykktarferli fyrir bókanir:**

Þá koma bókanir inn sem beiðnir í stað bókanna og þú velur hvort þú viljir samþykkja eða hafna beiðninni. [Meira um það hér.](#)
- **Leyfa bókanir yfir afbókaða tíma:**

Þá geta aðrir viðskiptavinir bókað yfir tímann sem var afbókaður.
- **Leyfa skráningu á biðlista:**

Ef viðskiptavinir finna ekki lausan tíma geta þau skráð sig á biðlista.

Varúðarráðstafanir

Stilltu hvað viðskiptavinir þínir geta gert í bókunarflæðinu

Margar þjónustur í hverri tímabókun

Fá tölvupóst um bókanir

Sleppa auðkenningu í gegnum síma

Samþykktarferli fyrir bókanir

Leyfa bókanir yfir afbókaða tíma

Leyfa skráningu á biðlista

Þjónustur, starfsmenn og svæði

Hér getur þú stillt hvaða þjónustur, starfsmenn og svæði eru að birtast í netbeiðnum (netbókunum) hjá þér. Ef þú

ert ekki búin að stofna þjónusturnar og/eða starfsmennina getur þú lesið nánar um það hér fyrir neðan...

Þjónustur
Stofna starfsmenn

Sýnileiki og tengingar

Næst förum við yfir hvar þú vilt geta tekið við netbókunum.

1. Sýnileiki

Ef þú vilt að viðskiptavinir geti fundið þig á Noona markaðstorginu þá hakar þú í "Birtast í leitarniðurstöðum í Noona appinu og á vefnum".

Sýnileiki

Hvar viltu að viðskiptavinir geti bókað hjá þér?

☒ Birtast í leitarniðurstöðum í Noona appinu og á vefnum

2. Vefslóð

Hér finnur þú slóðina sem viðskiptavinir geta bókað í gegnum. Þú getur stjórnað því hver hlekkurinn þinn er.

Vefslóð

Slóðin sem viðskiptavinir geta bókað í gegnum

Vefslóð á Noona

<https://noona.is/noona>

3. Tenging við vefsíðu

Hér getur þú fengið iFrame kóða til þess að taka við bókunum í gegnum vefsíðuna þína.

Tenging við vefsíðu

Vilt þú leyfa viðskiptavinum þínum að senda inn beiðni um tíma á þinni eigin vefsíðu?

iFrame kóðabútur

```
<iframe src="https://noona.is/noonaarmi/i/book?iframe=true&darkModeDisabled=true&showCancelButton=true" frameborder="0" width="100%" height="800" style="height: 800px;"></iframe>
```

Sýna "afbóka" takka ☒

Slökkva á dark mode ☒

[Afrita kóðabút](#)

4. Staðfesting

- Staðfestingarskilaboð:** Þessi skilaboð verða sýnileg á staðfestingarsíðunni eftir bókun og innifalin í staðfestingarpóstinum sem viðskiptavinir þínir fá eftir að bókun þeirra hefur verið staðfest.
- Slóð á staðfestingarsíðu:** Valkvæm vefslóð sem opnast í nýjum glugga þegar viðskiptavinur bókað tíma. Hentugt

ef þú vilt koma einverju á framfæri eða tengja bókanir við Google Analytics og Facebook Pixel. Athugið að pop-up gluggar virka ekki í iframe. Þessi stilling hefur því bara áhrif á Noona markaðstorgið.

Staðfesting

Þessi skilaboð verða sýnileg á staðfestingarsíðunni eftir bókun og innifalin í staðfestingarpóstinum sem viðskiptavinir þínir fá eftir að bókun þeirra hefur verið staðfest.

Valkvæm vefslóð sem opnast í nýjum glugga þegar viðskiptavinur bókað tíma. Hentugt ef þú vilt koma einverju á framfæri eða tengja bókanir við Google Analytics og Facebook Pixel. Athugið að pop-up gluggar virka ekki í iframe. Þessi stilling hefur því bara áhrif á Noona markaðstorgið.

Staðfestingarskilaboð

Bæta við

Slóð á staðfestingarsíðu

Lokaskrefið

Nú þarftu bara að velja "**Virkja prófíl**" og þá er allt klárt!

Virkja prófíl

Þá er allt klárt! En ekki hika við að hafa samband í gegnum spjallið ef að einhverjar spurningar vakna